

Hafnarfjörður, 12.8. 2019

Málsnr. 1907136

Ásta Guðrún Beck
Direkta lögfræðipjónusta
Bæjarhrauni 22, 220 Hafnarfjörður

Borist hefur beiðni um frekari röksuðning fyrir afgreiðslu byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar, dags. 19.7. 2019, á fyrirspurn er varðar Hverfisgötu 54, þar sem sótt er um að áður samþykkt íbúð í húsinu verði sjálfstæð fasteign. Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 17.7. 2019, var tekið neikvætt í erindið, meðal annars vegna ákvæðis um bílastæði.


Frekari rökstuðningur:

Samkvæmt kaupsamningi, dags. 1997, er húsið skráð sem einbýlishús. Fyrir liggur samþykkt byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar, dags. 18.7.2018, um að heimilt væri að skipta húsinu í tvær fasteignir. Heimildin var veitt samhliða breytingum á húsinu og stækkun þess. Var þá óskað eftir skráningu þriggja sjálfstæðra fasteigna í húsinu, en veitt var heimild fyrir tveimur sjálfstæðum fasteignum.

Samkvæmt skilmálum gildandi deiliskipulags, "Miðbær Hraun Vestur", útg. feb.2019, skal leitast við að gera ráð fyrir bílastæðum innan lóða. Komi til fjölgunar íbúða í byggðu húsi skal gera ráð fyrir bílastæðum fyrir hverja íbúð. Við Hverfisgötu 54 er aðeins hægt að koma við einu stæði innan lóðar. Þar sem nú eru heimilar tvær fasteignir í húsinu, þarf að gera ráð fyrir nýtingu almenningsstæðis í götu vegna annarrar íbúðarinnar. Almenn er heimild til slíks ekki veitt, en við ákvörðun um fjölgun eigna um eina fasteign var horft til forsögu hússins. Í ljósi þessa og vegna almennra þrengsla í götunni, er ekki unnt að fjölga fasteignum í þrjár og jafnframt að ráðstafa tveimur almenningsstæðum í götu við húsið.

Virðingarfyllt,

f.h. skipulags- og byggingarfulltrúa



Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur